



02-367 Fjölbautaskóli Snæfellinga –  
Ársskýrsla 2005

## Ársskýrsla Fjölbautaskóla Snæfellinga 2005

Fjölbautaskóli Snæfellinga hóf starfsemi á haustönn 2004 og var því árið 2005 fyrsta heila árið sem skólinn starfaði.

Helstu breytingar felast í mikilli þróunarvinnu sem fram fór allt árið þar sem kennsluhættir voru til stöðugrar endurskoðunar og var breytt eftir því sem tilefni gafst til. Einnig var mikil unnið að þróun í tengslum við upplýsingatækni og hvernig hún er notuð í skólastarfini. Þessi vinna snýr mest að nýtingu námsstjórnunarkerfisins Angel sem notað er í skólanum og var stöðug vinna í gangi meðal kennara sem leiddi af sér betri nýtingu á kerfinu. Það hefur í för með sér betri upplýsingagjöf til nemenda, t.d. varðandi fyrirmæli, verkefni og einkunnir og einnig betra vinnuumhverfi fyrir kennara. Þar munar mest um að sífellt fleiri hlutapróf og lokapróf voru tekin í gegnum Angel námsstjórnunarkerfið sem hefur gífurlegan vinnusparnað í för með sér fyrir kennara og auðveldar og ýtir undir fagleg vinnubrögð við yfirferð prófa.